

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfjarðarkaupstað.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar (stjórnsýslusvið) hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

Að sett verði upp bíðstöð hópbifreiða í almenningsakstri (Strætó) í Vörðutorgi en um er að ræða hringtorg sem liggur við Krúvás, Erluás og Þrastarás í Áslandshverfi. Bíðstöðin verður staðsett í vasa/útskoti utan almennrar aksturleiðar við hringtorgið gengt bifreiðastæði skólalóðar á milli Krúváss og Þrastaráss. Sjá meðfylgjandi kort í fylgiskjali.

Bíðstöðina skal merkja samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 2. desember 2019.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.



B-deild – Útgáfud.: 18. desember 2019